

Veidistaðalýsing

Þessi veiðistaðalýsing er eingöngu byggð á okkar persónulegu reynslu leigutaka árinna, við veiðar í Mýrarkvísl og er engan veginn tæmandi. Vonandi mun hún hjálpa þeim sem eru að koma í fyrsta skipti í ána til að fóta sig betur.

Fyrsta veiðisvæði

1. Keldupollur

2. Garðspollur

Garðspollur er skemmtileg breiða sem leynir á sér. Snemma á tímabilinu getur verið mikill urriði þarna og borgar sig að veiða þennan stað vandlega því að þarna veiðast of stærstu urriðarnir í áni. Einnig veiðist lax í Garðspolli og borgar sig að byrja alveg fyrir ofan beygjuna og veiða alla leið niður á breiðuna.

3. Núpabreiða

Núpabreiða getur haldið töluverðu magni af urriða alveg efst í staðnum þar sem straumur fellur inn í veiðistaðinn og niður breiðuna. Neðarlega breiðir áin úr sér og rennur á austur bakkanum þar sem hún safnar vatni svo það borgar sig að kasta alveg yfir á hinn bakkan.

4. Kletthylur

5. Klapparbreiða

6. Írland

7. Hvammpollur

8. Strengur

9. Grófarpollur

10. Skuggi

11. Kiðupollur

12. Hríspollur

13. Ósapollur

Ósapollur er flottur veiðistaður sem getur haldið miklum laxi þegar hann er að ganga. Þegar slóðin er keyrður upp með áni er komið að hliði sem er keyrt í gegnum og þar er hægt að komast niður í gilið til að fara yfir ána. Úti í hylnum er stór steinn sem klífur ána og virðist laxinn halda sig í straumskilum þessa tveggja kvísla. Við mælum með að menn standist þá freistingu að ganga fram á bergbrúnina og líta ofan í hylinn áður en hann er veiddur því það er mjög líklegt að stygga laxinn með þeim hætti.

14. Krummastrengir

Krummastrengir eru fallegur veiðistaður sem á það til að gefa væna laxa á göngutíma. Best er að komast að staðnum frá stað 15.

15. Táarhylur

Táarhylur er einn fallegasti fluguveiðistaðurinn í Mýrarkvísl og getur verið smá bras að komast niður að honum frá slóðanum. Það er annars vegar hægt að komast niður að áni með því að þríla niður smá gil sem er sirka við miðjan

hýlín en einnig er hægt að komast ofan frá að staðnum.

Í staðnum er renna þar sem fiskurinn getur haldið sig og höfum við gert góða veiði þarna í september.

16. Þverfoss

Er göngustaður sem ætti þó ekki að eyða miklum tíma í alla jafna.

17. Helluhylur

Er göngustaður sem ætti þó ekki að eyða miklum tíma í alla jafna.

18. Ytri Kistur

Er göngustaður sem ætti þó ekki að eyða miklum tíma í alla jafna.

19. Skáfoss

Er göngustaður sem ætti þó ekki að eyða miklum tíma í alla jafna.

20. Syðri Kistur

Er göngustaður sem ætti þó ekki að eyða miklum tíma í alla jafna.

21. Borgarhúsapollur

Er stór veiðistaður sem getur geymt marga laxa þar sem laxinn stoppar bæði þar til að hvíla sig eftir að hafa gengið flúðirnar og smáfossana að neðan. Borgarhúsapollur var einn gjöfulasti veiðistaður árinna en hefur minna verið veiddur síðan maðkaveiði var bönnuð. Gott er að vaða yfir ána neðan við staðinn og labba upp með ánni eins langt og hægt er og kasta síðan upp í hýlín.

22. Skarði

Besta leiðin til að komast í þennan veiðistað er að leggja við bílastæðið þar sem skilti fyrir staði 23 og 24 er og ganga síðan niður eftir þar til að komið er að skarðinu og ganga svo skarðið niður að staðnum. Flottur fluguveiðistaður.

Annað veiðisvæði

23. Ármót Ytri

Er góður laxastaður

24. Ármót Syðri

Er góður laxastaður

25. Langhylur

26. Nafarhylur

Er stórkostlegur veiðistaður þar sem oft er hægt að sjá laxinn. Besta leiðin til að komast að staðnum er að leggja á planinu við skiltið og ganga upp með veginum þar til komið er að gilinu sem hægt er að labba niður að ánni. Laxinn getur haldið sig í pollinum þar sem áin byrjar að þrengjast eða á breiðunni sem er fyrir neðan þrenginguna.

26.5. Trölladyr ómerktur staður.

Þegar gengið er niður í gilið er labbað upp með ánni eins langt og hægt er og þaðan er hægt að kasta á breiðuna. Laxinn getur legið undir klöppinni austan megin.

27. Voðhylur

Er stórkostlegur veiðistaður sem borgar sig ekki að veiða einn. Til að komast að Voðhyl er keyrt niður túnið hjá skógum þar til er slóðin endar við Mýrarkvísl. Þaðan er svo gengið niður með ánni í um það bil 4. mínútur og borgar sig að horfa ætíð niður að á og kíkja upp eftir reglulega til að ganga ekki framhjá honum. Af því að staðurinn sést ekki vel frá göngustígnum er gott að vita að það sést glitta í stiga þegar horft er upp ána við staðinn. Staðurinn er oftast veiddur af

sillu sem er fyrir ofan staðinn og borgar sig að láta ekki mikið á sér bera. Í Voðhyl er gott að vera með sökk línu til að ná niður til laxins.

28. Stokkhylur

Er erfiður fluguveiðistaður en heldur nánast undantekningarlaust laxi. Til að komast niður að staðnum borgar sig að styðjast við kaðal og þegar maður er kominn niður á fyrstu silluna þarf að notast við kaðalinn til að komast á litla gras sillu til að geta athafnað sér almennilega. Laxinn getur legið undir berginu báðum megin og alveg niður á brot. Hér borgar sig að nota þyngdar flugur til að ná til laxins.

29. Ytri Stekkur

Er skemmtilegur veiðistaður sem heldur alla jafna miklu magni af laxi. Besta leiðin til að komast að staðnum er að labba upp með ánni upp fyrir stað 30. og fara þar ofan í gilið og yfir ánnu, labba svo niður ána og veiða báða stekkina. Laxinn getur haldið sig í straumskilunum norðan megin og borgar sig að veiða niður allan staðinn.

30. Syðri Stekkur

Á það til að halda laxi og borgar sig að gefa honum tækifæri á leiðinni niður að Ytri stekk.

31. Sigurðarflúð

32. Steinfoss

33. Brúarhylur

Er veiðistaður sem ég hef aldrei orðið var við lax á en hef heyrt sögur um að þarna geti þó verið lax. Staðurinn er lítill og viðkvæmur og borgar sig að nálgast mjög varlega. Þarna er oft urriði eftir að áin hefur kvíslast þar sem áin lendir á sandbakkanum og þrengist svo niður áður en hún kemur saman á ný.

34. Hólmapollur

Of kallaður Sigmarsdráttur. Þessi veiðistaður heldur oft miklu magni af laxi en þó getur verið erfitt að ná honum á flugu. Laxinn heldur sig annað hvort á speglinum fyrir innan þar sem áin keyrir á bakkann eða undir grasbakkanum og borgar sig að veiða alveg niður að því þar sem fellur úr staðnum.

35. Túnapollur

Túnpollur þótti góður veiðistaður hér áður fyrr en ég hef ekki heyrt af neinni laxveiði þar síðustu ár. Við höfum samt alltaf reynt að kasta í hann án árangurs.

36. Gljúfrapollur

Gljúfrapollur er veiðistaður sem sem gaf ætíð marga laxa en síðustu árin hefur hann ekki haldið laxi. Þetta er síðasti hvíldarstaður fyrir laxinn áður en hann gengur upp stigann en staðurinn hefur skemmst með tímanum. Við munum gera tilraun til að laga staðinn fyrir komandi veiðisumar með von um að laxveiði aukist í honum.

Þriðja veiðisvæði

37. Höfð aflúð

Höfð aflúð er mjög vatnslítill og varla hægt að kalla veiðistað lengur.

38. Gæsa hólmur

Gæsa hólmur er lítill flúð, og höfum við fengið lax á flugu með því að vaða yfir ánnu vel fyrir ofan flúðina og að kasta lítilli túbu á staðinn. Í staðnum er lygna við austur bakkann og í miðri ánni koma tveir strengir niður. Laxinn lá milli strengjanna tveggja en ekki á lygnunni eins og ég hafði haldið.

39. Stóri Krókur

Ekki veit ég til að lax hafi veiðst í stóra krók en þarna getur verið urriði.

40. Stífla

Stíflan er fínn urriðastaður sem en þyrfti líklega að laga til að hann haldi vatni.

41. Langalygna

Langalygna er í raun tveir veiðistaðir. Annars vegar labbar maður í hjólförunum niður að ánni og byrjar að veiða fyrir ofan beygjuna. Laxinn heldur sig í strengnum milli steinanna og lygnunnar á hinum bakkanum alveg þar til áin beygir. Seinni staðurinn er brot aðeins neðar í ánni. Báðir staðirnir er mjög viðkvæmir og hefur það reynst mér best að vera ofan í ánni meðan ég veiði þá en ekki uppá bakka.

42. Krókhylur

Krókhylur er mjög gjöfull laxveiðistaður út allt tímabilið. Þegar bílnum er lagt við skiltið er labbað frá ánni og alla leið upp fyrir beygjuna, þar er flúð áður en áin breiðir úr sér sem heldur nær alltaf urriða. Síðan vinnur maður sig niður beygjuna og ég hef fengið lax þar sem áin er að byrja að rétta úr sér neðar en aðal tókustaðurinn er fyrir ofan og neðan grjót sem brýtur á á hinum bakkanum og borgar það sig að kasta alveg yfir á hinn bakkann.

43. Tóftarflúð

Er fínn urriðastaður.

44. Seláspollur

Er fínn urriðastaður.

45. Víðihólmar

Er fínn urriðastaður.

45.5 Ómerktur urriðastaður Brjósthylur

Þegar keyrt er niður brekkuna á eftir veiðistað 45. Og komið niður á flatan sést á vinstri hönd nibba sem minnir á brjóst er fínt að keyra upp. 50m upp fyrir brjóstið og byrja að veiða sig niður fyrir brjóstið. Þarna höfum við fengið marga urriða.

46. Beygjur

Beygjur eru frábær veiðistaður sem heldur nær undantekningarlaust laxi. Til að komast niður að staðnum er bílnum lagt við skiltið og labbað göngustíg niður að á. Best er að byrja að veiða beygjurnar þaðan sem áinn er þrengst og kasta yfir á hinn bakkann. Aðal tókustaðurinn er fyrir neðan moldar og gras nibbu sem er út í ánni við moldarbakkann en það borgar sig að veiða staðinn alveg niður að viki sem er rétt eftir að moldarbakkinn endar.

47. Langidráttur

Er góður urriðastaður en við höfum aldrei rekist á lax þarna.

48. Vikdráttur

Oft kallaður Kötustrengur hefur oft verið gjöfull veiðistaður.

49. Straumbrot

Straumbrotið er veiðistaður sem heldur nær alltaf laxi en það getur verið leiðinlegt að veiða hann þar sem erfitt er að fá almennilegt rek á fluguna. Okkur hefur reynst best að standa efst á við moldarbakkann og veltikasta yfir hylinn.

50. Helghólsbrot

Er fínn urriðastaður sem borgar sig að kasta þurrflugu á mjög nálægt bakkanum.

51. Neðri Selvaðsdráttur

Hef heyrt af laxveiði í Selvaðsdrætti en hann hefur ekki veið að þvælast fyrir okkur þarna og þó gefið marga góða urriða. Hef heyrt að laxinn haldi sig við bakkann hinu megin þar að segja ekki þeim megin sem slóðin er.

52. Efri Selvaðsdráttur

Urriðastaður.

53. Hringhylur

Er djúpur og mikill staður sem borgar sig að veiða með sökklínu. Hylurinn er finn urriðastaður en ekki veit ég til þess að laxveiðimenn reyni hann oft.

54. Kopphylur